

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar 2013**

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir fyrstu tvo mánuði ársins 2013 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var svipað og á sama tímabili 2012 og var jákvætt um 2,1 ma.kr. Tekjur hækkuðu um 5,7 ma.kr. milli ára en gjöld jukust um 7,1 ma.kr. Þessi útkoma er í samræmi við áætlanir sem gerðu ráð fyrir að handbært fé yrði jákvætt um 2,2 ma.kr.

**Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-febrúar 2013 (m.kr.)**

	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>	<u>2013</u>
Innheimtar tekjur	90.587	80.951	82.215	91.367	97.088
Greidd gjöld	80.450	87.447	78.997	85.761	92.889
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>10.136</b>	<b>-6.496</b>	<b>3.218</b>	<b>5.606</b>	<b>4.199</b>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	1.917	9.923	5.670	-3.454	-2.101
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>12.053</b>	<b>3.427</b>	<b>8.888</b>	<b>2.152</b>	<b>2.098</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>-2.279</b>	<b>-3.433</b>	<b>-1.705</b>	<b>-5.245</b>	<b>-3.093</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>9.774</b>	<b>-6</b>	<b>7.183</b>	<b>-3.093</b>	<b>-995</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-1.327</b>	<b>-3.105</b>	<b>-750</b>	<b>-1.246</b>	<b>-964</b>
Innanlands	-1.327	-3.105	-750	-1.246	-964
Erlendis	0	-	-	-	0
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>8.447</b>	<b>-3.111</b>	<b>6.433</b>	<b>-4.339</b>	<b>-1.959</b>
<b>Lántökur</b>	<b>32.389</b>	<b>27.144</b>	<b>31.793</b>	<b>34.521</b>	<b>1.508</b>
Innanlands	32.684	28.507	24.200	18.872	9.788
Erlendis	-295	-1.364	7.593	15.649	-8.279
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>40.836</b>	<b>24.033</b>	<b>38.226</b>	<b>30.182</b>	<b>-451</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu 97,1 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem er 6,3% aukning á milli ára og 1,5% eða 1,4 ma.kr. undir tekjuáætlun fjárlaga. Hafa ber í huga að frávik frá áætlun geta verið umtalsverð og í einhverjum tilfellum ómarktæk hvað varðar einstaka tekjuliði á fyrstu mánuðum ársins. Frávik frá mánaðarlegri áætlun geta m.a. stafað af því að dreifingin niður á mánuði reynist önnur en áætlað var en slíkt getur einkum átt sér stað þegar uppgjörstímabil er lengra en einn mánuður, þegar gjalddagi og eindagi eru ekki í sama mánuði eða þegar óreglulegir liðir vega þungt. Reynslan er því sú að frávik frá áætlun eru mest í upphafi ársins og minnka eftir því sem líður á árið og gagnatímabilið lengist.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 3,2% á milli ára á fyrstu tveimur mánuðum ársins og námu 89,1 ma.kr. sem er 2,3% undir áætlun. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 5,1% á milli ára og nam 19,7 ma.kr. sem er 0,3% undir áætlun. Tekjuskattur lögaðila nam 3,5 ma.kr. á tímabilinu sem er 5,6% yfir áætlun. Ástæða mikils samdráttar í innheimtu tekjuskatts lögaðila á milli ára er sú að á sama tíma á síðasta ári innheimtust umtalsverðar fjárhæðir sem tengdust eldri álagningum, sem líta ber á sem óreglulegar tekjur. Fjármagnstekjuskattur skilaði 13,0 ma.kr. á tímabilinu sem er 4,8% undir áætlun.



## Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar 2013

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2011	2012	2013	2011	2012	2013
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>76.105</b>	<b>86.346</b>	<b>89.145</b>	<b>1,3</b>	<b>13,5</b>	<b>3,2</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>35.904</b>	<b>34.621</b>	<b>36.132</b>	<b>7,5</b>	<b>-3,6</b>	<b>4,4</b>
Tekjuskattur einstaklinga	15.549	18.752	19.711	-3,9	20,6	5,1
Tekjuskattur lögaðila	2.653	4.730	3.452	77,5	78,3	-27,0
Skattur á fjármagnstekjur	17.703	11.139	12.969	12,5	-37,1	16,4
<b>Eignarskattar</b>	<b>755</b>	<b>2.660</b>	<b>1.701</b>	<b>11,7</b>	<b>252,2</b>	<b>-36,0</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>27.687</b>	<b>36.217</b>	<b>38.017</b>	<b>-9,2</b>	<b>30,8</b>	<b>5,0</b>
Virðisaukaskattur	17.798	24.336	25.105	-16,8	36,7	3,2
Vörugjöld af ökutækjum	354	614	585	89,0	73,4	-4,8
Vörugjöld af bensíni	1.607	1.737	1.750	2,4	8,1	0,8
Skattar á olíu	973	979	1.009	5,5	0,6	3,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	2.131	2.382	2.543	-1,6	11,8	6,8
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	4.824	6.168	7.025	13,6	27,9	13,9
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>764</b>	<b>1.209</b>	<b>1.064</b>	<b>-15,6</b>	<b>58,2</b>	<b>-12,0</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>669</b>	<b>700</b>	<b>1.304</b>	<b>-6,2</b>	<b>4,6</b>	<b>86,3</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>10.325</b>	<b>10.938</b>	<b>10.927</b>	<b>15,0</b>	<b>5,9</b>	<b>-0,1</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>22</b>	<b>26</b>	<b>27</b>	<b>9,4</b>	<b>20,1</b>	<b>5,0</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>5.961</b>	<b>4.960</b>	<b>7.901</b>	<b>0,8</b>	<b>-16,8</b>	<b>59,3</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>73</b>	<b>36</b>	<b>15</b>	-	-	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>82.161</b>	<b>91.367</b>	<b>97.088</b>	<b>1,1</b>	<b>11,2</b>	<b>6,3</b>

Tekjur af tryggingagjöldum námu 10,9 ma.kr. á tímabilinu sem er 0,5 ma.kr. eða 4,1% undir áætlun. Tekjur af tryggingagjöldum drógust saman um 0,1% á milli ára og er ástæðan lækkun gjaldsins úr 7,79% árið 2012 í 7,69% árið 2013. Tekjur af eignarsköttum námu 1,7 ma.kr. sem er 4,2% yfir áætlun. Þar af námu tekjur af auðlegðarskatti 0,6 ma.kr. sem og tekjur af stimpilgjöldum. Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu námu 38,0 ma.kr. á tímabilinu sem er tæplega 0,7 ma.kr. eða 1,7% undir áætlun. Frávik frá áætlun skýrist aðallega af virðisaukaskatti sem er 0,8 ma.kr. undir áætlun. Þetta frávik hefur þó lækkað umtalsvert frá því í janúar. Aðrir óbeinir skattar eru í grófum dráttum í takt við áætlanir að frátöldum sértækum þjónustusköttum sem eru 0,6 ma.kr. yfir áætlun. Það frávik skýrist af því að ýmis eftirlitsgjöld virðast hafa innheimst fyrr en reiknað var með.

Bensíngjöld námu 1,8 ma.kr. sem er 0,8% aukning á milli ára. Á sama tíma námu skattar á olíu 1,0 ma.kr. sem er 3,0% aukning á milli ára. Innheimta bensín- og olíugjalda er í takt við áætlanir. Samanlagðar tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi námu 2,5 ma.kr. sem tæplega 7% aukning á milli ára. Þar af námu tekjur af tóbaksgjaldi 1,0 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. undir áætlun og tekjur af áfengisgjaldi 1,6 ma.kr. sem er í takt við áætlun. Tölur um tóbakssölu sýna tæplega 13% samdrátt í sölu neftóbaks á fyrstu tveimur mánuðum ársins m.v. sama



tímabil árið áður. Tölurnar sýna jafnframt nokkurn samdrátt í sölu vindla og sígaretta á meðan sala reyktóbaks hefur aukist. Þetta gefur vísbendingar um að tóbaksneytendur færi sig í auknum mæli yfir í ódýrari tóbaksvörur. Þá sýna tölur um sölu áfengis að skattstofn áfengisgjalds hefur lækkað um 1% á milli ára.

Aðrar tekjur námu alls 7,9 ma.kr. sem er 0,8 ma.kr. yfir áætlun. Þar munar mest um tekjur af veiðigjöldum sem eru 1,0 ma.kr. yfir áætlun. Skýringin er sú að innheimta sem reiknað var með í byrjun mars virðist hafa skilað sér nokkuð fyrr en reiknað var með eða í lok febrúar. Reiknað er með að þetta frávik lækki eftir því sem líður á árið.

**Greidd gjöld** námu 92,9 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 7,1 ma.kr. frá fyrra ári, eða um rúm 8%. Greidd gjöld voru 3,5 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða 3,6%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

**Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar 2013**

	Milljónir króna			Breyt. frá fyrra ári, %	
	2011	2012	2013	2012	2013
Almenn opinber þjónusta	18.166	20.415	21.998	12,4	7,8
Þar af vaxtagreiðslur	11.409	13.437	13.944	17,8	3,8
Varnarmál	293	156	223	-46,9	43,0
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	2.914	3.302	3.609	13,3	9,3
Efnahags- og atvinnumál	6.888	7.821	7.711	13,5	-1,4
Umhverfisvernd	571	657	779	15,1	18,5
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	33	32	110	-3,2	244,3
Heilbrigðismál	17.479	18.657	19.865	6,7	6,5
Menningar-, íþrótt- og trúmál	2.875	3.084	3.270	7,3	6,0
Menntamál	9.602	11.916	12.604	24,1	5,8
Almannatryggingar og velferðarmál	18.156	18.108	20.930	-0,3	15,6
Óregluleg útgjöld	2.021	1.613	1.791	-20,2	11,0
<b>Gjöld alls</b>	<b>78.997</b>	<b>85.761</b>	<b>92.889</b>	<b>8,6</b>	<b>8,3</b>

Vaxtagjöld ríkissjóðs námu 13,9 ma.kr. og jukust lítillega á milli ára en voru í samræmi við áætlanir. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga jukust um 523 m.kr. milli ára sem er í samræmi við áætlanir. Útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu námu 5,3 ma.kr. og jukust um tæpar 600 m.kr. á milli ára en voru innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála jukust um 2,8 ma.kr. milli ára en voru innan heimilda. Breytingin milli ára skýrist að mestu með útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs sem jukust um rúmlega 1 ma.kr. milli ára og lífeyristrygginga sem jukust um tæpar 700 m.kr. Þá voru greiddar barnabætur rúmlega 600 m.kr. hærrí en á sama tímabili 2012 sem var í samræmi við áætlanir.



Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 1,2 ma.kr. milli ára og voru jafnframt um 450 m.kr. umfram heimildir. Þetta skýrist að stórum hluta til með útgjöldum Sjúkratrygginga sem jukust um rúmar 500 m.kr. milli ára og voru jafnframt um 700 m.kr. umfram heimildir. Þá jukust útgjöld Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri um tæpar 350 m.kr. milli ára og voru jafnframt rúmar 200 m.kr. umfram heimildir. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála voru svipuð og árið 2012 en voru 2,4 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að stórum hluta með 1,1 ma.kr. afgangi hjá Vegagerðinni og afgangi ýmissa sjóða og safnliða. Útgjöld til menntamála voru tæpum 700 m.kr. hærri en á sama tímabili í fyrra en tæpum 700 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins þar sem 250 m.kr. afgangur var á Lánasjóði íslenskra námsmanna og 230 m.kr. afgangur af rekstri framhaldsskóla í heild. Útgjöld til menningar- íþróttar og trúmála jukust milli ára um tæpar 200 m.kr. en voru um 250 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um rúmar 300 m.kr. milli ára og voru jafnframt rúmar 200 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að hluta með greiðslum vegna Schengen samstarfs sem reyndust hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Þá voru útgjöld Landhelgisgæslunnar um 200 m.kr. hærri en heimildir gera ráð fyrir. Útgjöld til umhverfisverndar eru 122 m.kr. hærri í ár en á sama tíma í fyrra en voru tæpum 200 m.kr. innan heimilda sem skýrast að mestu með 141 m.kr. afgangi af fjárheimildum Landgræðslu ríkisins. Útgjöld til Varnarmála jukust hlutfallslega mikið milli ára þrátt fyrir að aukningin sé ekki mjög mikil í fjárhæðum. Útgjöldin voru í jafnvægi við fjárheimildir. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála jukust milli ára um 78 m.kr. en voru í jafnvægi við heimildir. Óregluleg útgjöld jukust um tæpar 180 m.kr. milli ára og voru jafnframt tæpum 50 m.kr. umfram fjárheimildir. Aukningin milli ára skýrist að mestu með útgjöldum vegna lífeyrisskuldbindinga voru 126 m.kr. hærri en á síðasta ári og jafnframt 105 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir.

## Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður ársins var neikvæður um tæpan 1 milljarð króna en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 3,1 ma.kr.

Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu tæpum milljarði króna en engar erlendar afborganir voru á gjalddaga.

Innlendar lántökur námu 9,8 ma.kr. Útgáfa ríkisbréfa nam 23,9 ma.kr. en á móti lækkaði staða ríkisvixla um 14,1 ma.kr. Endurmat gjaldeyrisreikninga var neikvætt um 8,3 ma.kr.